

20. júlí 2017

Minnisblað vegna gjaldfrjálsra námsgagna í Grunnskólum

Mörg sveitarfélög hafa nú samþykkt að greiða niður námsgögn fyrir nemendur og er meðal annars vitnað í lög um grunnskóla og barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Barnaheill sendi m.a. áskorun þessa efnis á öll sveitarfélög í byrjun skólaárs 2015-2016.

Í lögum um grunnskóla frá 2008 (nr. 91, 31. gr) kemur fram að kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skuli veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja þá eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu.

Misjafnt er hvaða fjárhæðir sveitarfélögin eru að greiða fyrir hvern nemenda.

Ísafjörður og Akureyri 6.000 kr. á nemanda, Borgarbyggð 4000 kr. á nemanda og Snæfellsbær 3.500 kr. á nemanda. Síðustu daga hafa fleiri sveitarfélög s.s. Reykjanesbær, Garður, Mosfellsbær og Hafnarfjörður einnig ákveðið að greiða námsgögn grunnskólanemenda. Kópavogur hefur gefið út í fjölmiðlum að þar sé verið að skoða málið.

Í gjaldinu á nemanda er gert ráð fyrir greitt sé fyrir stílabækur, blýanta, liti, einfalda vasareikna, gráðuboga o.fl.

Ríkiskaup hefur boðið Garðabæ að taka þátt í útboði á þeim námsgögnum sem hér hafa verið nefnd.

Skólaárið 2017-2018 stefnir í að nemendur í grunnskólum í Garðabæ verði um 2500 talsins. Kostnaður gæti orðið eftirfarandi ef miðað er við 2500 nemendur.

Greiðsla bæjarins á hvern nemanda	Heildarkostnaður bæjarins
6000	15.000.000
5000	12.500.000
4000	10.000.000
3500	8.750.000